

## **206. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.**

**19. september 2011, kl. 13:00 á Austurvegi 56.**

Boðuð: Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgeirsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnsteinn Ómarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

### **1. Hauggas.**

Umhverfisstofnun (UST) hefur veitt Sorpstöð Suðurlands (SOS) frest til 15. nóvember til að skila inn áætlun um úrbætur. SOS mun á þeim tíma funda þrisvar með UST og gera grein fyrir framvindu málsins. Stjórn samþykkir að fela Verkfræðistofunni Mannviti að framkvæma mælingar og útreikninga skv. fyrirbyggjandi minnisblaði.

### **2. Sorpstöð Rangárvallasýslu (SOR) .**

Fulltrúar SOS mættu á fund með SOR 31. ágúst þar sem farið var yfir minnisblað frá Verkfræðistofunni Mannviti um framtíðarmöguleika á Strönd. Stjórn SOS mun óska eftir fundi með stjórn SOR um framtíðarskipulag úrgangstjórnunar á Suðurlandi.

### **3. Málþing um úrgangsstjórnun á Suðurlandi**

Kynnt voru drög að dagskrá málþings um úrgangsstjórnun á Suðurlandi.

### **4. Fjárhagsáætlun.**

Farið var yfir forsendur fjárhagsáætlunar. Framkvæmdarstjóra falið að gera 1. drög fjárhagsáætlunar klár fyrir næsta fund.

### **5. Önnur mál.**

- a. Skipulagsmál Ölfusi. Framkvæmdastjóra falið að senda Sveitarfélaginu Ölfusi bréf þar sem óskað er eftir skýringum vegna þeirra breytinga er varða Kirkjuferjuháleigu sem fram eru komnar í tillögu að aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2012-2024. Í framlagðri tillögu er eignaland SOS skipulagt sem landbúnaðarsvæði en ekki sorpurðunarsvæði eins og svæðið er skilgreint í núgildandi skipulagi.
- b. Bréf Sorpu frá 15. júní 2011. Varðar samning SOS og Sorpu um móttöku og meðhöndlun úrgangs frá sveitarfélögum á Suðurlandi. Svarbréf SOS til Sorpu frá 30. júní 2011. Lagt fram til kynningar.
- c. Bréf frá MAST frá 29. júní 2011 kynnt, en þar vekur stofnunin athygli á að molta til áburðar- eða jarðvegsbætandi nota sé skráningarskyld.
- d. Eftirlitsskýrsla UST frá 21. júní 2011. Skýrslan lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:45